



Hjallastefnan

## Móttökuáætlun vegna barna af erlendum uppruna

Áður en fyrsti fundur er haldinn er gott að komast að því hvort þörf sé á að fá túlk. Tali hvorugt foreldrið íslensku er það nauðsynlegt. Þeir sem bjóða upp á túlka eru Fjölmenningarsetur, InterCultural Ísland og Jafnréttishús. Bæði er hægt að fá símatúlk og túlk á staðinn.

Í fyrsta viðtali við foreldra er farið yfir menningu skólans og landsins ásamt því að afla upplýsinga um menningu fjölskyldunnar. Gera þarf ráð fyrir að viðtalið taki lengri tíma en en önnur. Komast þarf að því hvort barnið hafi einhverjar sérþarfir. Í lok viðtalsins þarf að tryggja að foreldrar hafi meðtekið það sem fram fór.

Það sem fara þarf vel yfir:

o Heimasíða leikskólans, hvar er helstu upplýsingar að finna.

o Skólanámskráin/ skólahandbókin.

o Skóladagatalið/ ársáætlun/frídagar. o Myndrænt dagskipulag/stundaskrá barnsins og upplýsingar um hvernig skóladagurinn fer

fram (t.d. leikur, hópastarf, útivera, matartímar o.fl.).

o Hvaða starfsfólk leikskólans kemur að málefnum barnsins, hlutverk hvers og eins og

verkaskipting á milli þeirra. (t.d. hvert foreldrar eigi að snúa sér með allt sem varðar barnið og

athugasemdum sem koma þarf á framfæri.

o Símanúmer/netfang leikskóla, kjarna og leikskólastjóra skriflega\*

o Tilkynna forföll barns og hvenær barnið ætti ekki að koma í leikskólann t.d. vegna veikinda og

ábyrgð foreldra varðandi reglubundna mætingu barns á leikskóla.

o Þroskapróf/skimanir sem gerðar eru í leikskólanum.

o Vistunartímar og gjaldskrá leikskólans, rafræn skólagjöld.

o Matseðlar leikskólans, hvar er hægt að sjá þá (Karellen)

o Reglur og venjur í sambandi við afmæli, ferðalög o.fl.

o Útivera - Viðeigandi klæðnaður, aukaföt. Listi yfir hvað barnið á að hafa meðferðis í

leikskólann.

o Kynning á ýmsum uppákomum tengdum íslenskum hefðum, svo sem þorrablót, öskudagur og jólahald.

o Foreldrafélagið, foreldraráð, hlutverk og starfsemi þeirra.

o Foreldraviðtöl.

o Ljósmyndir af fjölskyldu barnsins eða uppáhaldsleikfang sem róar barnið og eykur

+354 555 7020

[hjallastefnan@hjalli.is](mailto:hjallastefnan@hjalli.is)

[hjalli.is](http://hjalli.is)





Hjallastefnan

+354 555 7020

[hjallastefnan@hjalli.is](mailto:hjallastefnan@hjalli.is)

[hjalli.is](http://hjalli.is)

öryggiskennnd.

o Hvernig samskiptum við heimilið verði háttað í framtíðinni og tímasetning næsta fundar (upplýsingamiðar sendir heim, skilaboð sett á netið, samskiptabók og fleira).

Í daglegu starfi og aðlögun barnsins:

- Allir kennarar kjarnans þurfa að setja sig inn í þarfir og stöðu barnsins.
- Kennarar á kjarnanum þurfa að leggja sig fram um að barnið hverfi ekki í skugga annarra barna. Lesa í líkamstjáningu og svipbrigði t.d. ef barnið þarf á salerni, er þyrst svo dæmi sé tekið.
- TMT (Tákn með tali) getur verið heppilegt á meðan barnið er að ná tókum á nýja málinu.
- Aðstoða þarf barnið í samskiptum við vini og vinkonur.
- Kennarar þurfa að vera örugg höfn fyrir barnið, stutt skilaboð og fyrirmæli með bendingum
- (TMT).
- Nota sjónræn/myndræn skilaboð, gott t.d. að hafa myndrænt dagskipulag sem foreldrar geta líka séð.
- Senda samskiptabækur heim t.d. í lok vikunnar þar sem myndir sýna hvað barnið var að upplifa í leikskólanum gefur tilefni til þess að barnið segi frá heima á sínu móðurmáli.
- Mikilvægt að hvetja foreldra til að örva barnið á móðurmáli þess, lesa fyrir það og efla með því orðaforða og almenna þekkingu.
- Mikilvægt er að kennarar geri sér grein fyrir því að börn af erlendum uppruna eru undirákveðnu álagi í skólanum. Því skiptir geðtengslamyndun einstaklega miklu máli ásamt góðum samskiptum við foreldra.
- Ekki þarf sérstakt námsefni í íslenskukennslu barna á leikskólaaldri. Allt í leikskólanum, leikefni og öll verkefni ættu að henta vel til þess að örva málþroska. Kennarar þurfa hinsvegar að þekkja þær aðferðir sem eru líklegar til árangurs. Ekki þarf að búa til sérstakar
- málörvunaraðstæður eða málörvunarahópa heldur tryggja að barnið læri í leik og störfum ísamskiptum við önnur börn og fullorðna. Það skiptir þó máli að velja verkefni við hæfi og ekkisíður að athuga hvaða forsendur barnið hefur til þess að læra íslensku. Kanníð stöðu barnsins í íslensku og móðurmáli og skipuleggið íslenskunámið út frá því hvar hvert einstakt barn erstatt. Það er á ábyrgð leikskólakennarans að gera umhverfið eins örvandi og hægt er þannig að barnið fái





Hjallastefnan

hvatningu og öðlist vilja til þess að deila hugsunum sínum og hugmyndum.

Málörvun og íslenskunám fer fram allan daginn. Barn sem er að læra íslensku sem annað tungumál lærir best við raunverulegar aðstæður á meðal barna sem tala góða íslensku og þar sem enn fremur er lögð áhersla á tilfinninga- og félagsþroska.

Tala þarf hægt og rólega, endurtaka það sem sagt er. Ekki skal leiðrétta barnið heldur endurtaka rétt.

Mikilvægt er að skólastjóri sé vel inni í málum fjölskyldna þar sem oft reynir mikið á að hann aðstoði kennara.

+354 555 7020

[hjallastefnan@hjalli.is](mailto:hjallastefnan@hjalli.is)

[hjalli.is](http://hjalli.is)

